



Israel-Palestina_Fólkið berst gegn iðu hatursins



Árum saman hafa illvígar deilur verið milli Ísrael og Palestínu. Friður virðist ekki vera í sjónmáli milli deilandi stjórnvalda beggja landa. En á meðan deilandi stjórnámálamönnum virðist ekki takast að tengjast, þá sýna venjulegir borgarar landanna að vel er hægt að yfirvinna þessa djúpu gjá á milli þjóðanna.

Israel-Palestina_Fólkið berst gegn iðu hatursins

Árum saman hafa illvígar deilur verið milli Ísrael og Palestínu. Friður virðist ekki vera í sjónmáli milli deilandi stjórnvalda beggja landa. En á meðan deilandi stjórnámálamönnum virðist ekki takast að tengjast, þá sýna venjulegir borgarar landanna að vel er hægt að yfirvinna þessa djúpu gjá á milli þjóðanna. Eftirfarandi dæmi gefa okkur nýja von og ekki bara fyrir hin stríðshrjáðu svæði mið austurlanda:

Í september á síðasta ári skipulagði t.d. hópur ungra aðgerðasinna fjögur spilakvöld í Ísrael með borðspilinu Backgammon. Þetta varð mjög vinsælt og strax fyrsta kvöldið voru þátttakendurnir 150 talsins: Bæði Palestínustúlkur með höfuðklút og bókstafstrúa gyðingakonur með barnavagna; strangtrúaðir unglingar með svarta kollhúfu áttu í engum erfiðleikum við hliðina á jafnöldum sínum frá arabahverfinu. Meðvituð ákvörðun var tekin um að hafna allri lögregluvernd. Fyrir marga þátttakendur var þetta einhverskonar tímavél aftur til þeirra tíma þar sem hversdagslegt líf með hvort öðru var áreynslulaust, þar sem engir múrar aðgreindu araba og gyðinga hvora frá öðrum.

Eins var í maí 2016 lagður grunnur að sátt á milli gyðinga og palestínuranna á „Degi alþjóðlegs vinskapar“ í Sviss, skipulagt af Ivo Sasek. Þar vitnaði Palestínuramaður um upplifun sína af 6 daga stríðinu og stríðunum þar á eftir og þrátt fyrir sárásaukafulla reynslu gat hann látið af hatri sínu og fyrirgefið óvinum sínum. Sem sýnilegt tákni iðrunar faðmaði hann Ísraelska konu á sviðinu.

Í nóvember 2016 þegar tugþúsundir Ísraelsmanna flúðu búðir sínar vegna stórbruna, þá stóðu palestínskir slökkviliðsmenn við hliðina á ísraelskum kollegum sínum til þess að ná tókum á ástandinu.

Í október 2016 skipulagði hreyfingin „Women Wage Peace“ eða á íslensku „Konur iðka frið“, fjórtán daga langa „göngu vonarinnar“. 4000 palestínskar og ísraelskar konur hófu gönguna í Norður-Ísrael og gengu saman hlið við hlið 200 km alveg til Jerúsalem til þess að berjast fyrir friði. Söngkonan Yael Deckebaum sagði frá göngunni með þessum orðum: „Við vorum 4.000 konur og helmingur þeirra voru palestínskar. Mér hefur alltaf verið sagt að maður geti ekki samið frið við neinn. Í dag höfum við sannað að það er rangt.“

Í fjöldasamkomu fyrir framan aðsetur forsetisráðherra Netanjahu söfnuðust ca. 10.000 manns. Meðal annars talaði þar líberíski Nóbelsfriðaverlaunahafinn Leymah Gbowee og Michal Froman. Michal Froman er ung kona sem var stungin í hnifaárás af palestínskum unglingi í janúar 2016. Á þessari fjöldasamkomu sagði Froman:

„Að velja lífið þýðir að skilja margbreytileika kringumstæðnanna. Að læra að verja líf sitt - af nauðsyn - en líka bera kennsl á volæðið og veita hjálpanði hönd. Sá sem er dauður, finnur ekkert til. Ég kys að finna til, og gefa öllum víddum tilfinninganna rými í mér - þjáningu, reiði, en líka fyrirgefningunni og ástinni. Dauði er aðskilnaður. Lífið er að mæta, lífið er friður. Lífið verður þá fyrst mögulegt þegar við hættum að ásaka hvort annað og hættum að vera fórnalömb. Við þurfum öll að yfirvinna og taka á okkur ábyrgð og byrja að vinna fyrir lífið.“

Líkt og stóra friðargangan í Úkraínu var þessi stórkostlega friðarganga ekki þess virði að skrifað væri um hana í hefðbundnum fjölmiðlum. Það er því áfram undir okkur fólkinu komið, að segja öllum vinum, kunningjum sem og fólki sem við ekki þekkjum frá þessari öldu vonar, svo hægt sé að breyta eftir henni. Þessum hugrökku konum er eingöngu hægt að þakka fyrir og segja: Bravó, nákvæmlega svona er þetta gert!

Sjáið hér að lokum tilkomumiklar myndir frá friðargöngunni í samhengi við lagið „Prayer of the Mothers“ (bæn mæðranna) sem samið var í tilefni göngunnar „Konur iðka frið“ og er framleitt af Yael Deckelbaum.

eftir tz.

Heimildir:

<http://yaeldeckelbaum.com/en/prayerofthemothers>

Fotos: <http://gil-shani.com>

<https://de.qantara.de/content/schesch-besch-israelisch-palaestinensische-verstaendigung-am-spielbrett>

<http://www.sasek.tv/grenzenlos/palaestina-vietnam>

<http://www.mdr.de/nachrichten/politik/ausland/israel-waldbraende-geloescht-palaestiner-helfen-100.html>

<http://www.pressenza.com/de/2016/10/tausende-von-arabischen-und-israelischen-frauen-marschieren-fuer-frieden-durch-israel/>

<http://www.israelnetz.com/gesellschaft-kultur/gesellschaft/2016/10/20/marsch-der-hoffnung-tausende-frauen-demonstrieren-fuer-frieden/>

<http://womenwagepeace.org.il/en/solidarity-event-berlin-10-10-16/>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Fridarhreyfingar - Friðarhreyfingar - www.kla.tv/Fridarhreyfingar

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálsar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tillíastæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.